

Föstudagurinn 20. desember 1996 kl. 13:30

84. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 41/1996

**Kvörtun Lífs og sögu ehf. yfir útgáfu  
Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor***

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 19. september 1996, þar sem Líf og saga ehf. kvartar yfir útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.

Forsaga málsins er sú að snemma á þessu ári barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lífi og sögu sem hefur undanfarin fimm ár gefið út ferðamannaritíð *Gest*. Í erindinu var kvartað yfir þá fyrirhugaðri útgáfu Miðlunar á bókinni *Dear Visitor*. Með ákvörðun nr. 16/1996 úrskurðaði Samkeppnisráð að Miðlun hefði með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Ekki var talið að um væri að ræða brot á 25. og 27. gr. sömu laga. Miðlun áfrýjaði ákvörðun Samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðunina.

Í nýju erindi Lífs og sögu er saga eldri kvörtunarinnar rakin auk þess sem fram kemur að eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar féll hefði fyrirtækið beint áskorun til Miðlunar um að afturkalla þau eintök bókarinnar sem þegar hafði verið dreift og að frekari dreifingu yrði hætt. Miðlun hafnaði þessari málaleitan. Kæruefni Lífs og sögu nú er útgáfa bókarinnar *Dear Visitor* sem slík og í erindinu segir m.a.:

*„Bókin Dear Visitor er augljós eftirlíking á bók(um) umbj. m. Gest, hvað varðar stærð, gerð pappírs og frágang allan, jafnframt sem uppsetning og efnistöku eru stæld m.a. á kápum og baksíðum, þannig að í sumum tilvikum er um hreina eftirgerð að ræða.*

*Greinar úr bókum kæranda eru teknar orðrétt upp í bókinni Dear Visitor og þýðingar á greinum notaðar án leyfis kæranda og þýðenda.“*

Síðar segir:

*„Með útgáfu sinni á bókinni Dear Visitor hefur Miðlun ehf. með margvíslegum hætti brotið gegn lögvörðum rétti kæranda, m.a. með því að hagnýta sér með ólögumætum og saknæmum hætti heilsteypta viðskiptahugmynd, sem kærandi hefur sl. 6 ár lagt í verulegan kostnað og ómælda vinnu við að þróa, til þess að afla sér fjárhagslegs ávinnings á kostnað kæranda.*

*Með útgáfu sinni á bókinni Dear Visitor hefur Miðlun ehf. með freklegum hætti brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga gagnvart kæranda, sem er skýlaust brot gegn m.a. 20., 21., 25. og 27. gr. samkeppnislaga.“*

Þá fer Líf og saga þess á leit að Samkeppnisráð beiti viðurlögum samkeppnislaga í tilefni af meintum óréttmætum viðskiptaháttum Miðlunar. Með erindinu fylgdu ýmis gögn, þar á meðal afrit af bréfaskrifum lögmannna fyrirtækjanna og afrit greina sem birst hafa bæði í *Gesti* og *Dear Visitor*.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Lífs og sögu var sent Miðlun til umsagnar og í svari fyrirtækisins, dags. 15. október 1996, segir m.a.:

*„Kröfur umbj. m. eru þær **aðallega**, að erindi Lífs og sögu ehf. verði vísað frá samkeppnisyfirvöldum, en **til vara** að hafnað verði kröfum kæranda um aðgerðir vegna útgáfu á bókinni Dear Visitor svo og kröfu um beitingu samkeppnislaga.“*

Kvörtunarefnið er rakið og niðurstaða Samkeppnisráðs og áfrýjunarnefndar í fyrra kvörtunarmálinu og síðan segir:

„Krafa umbj. m. um frávísun málsins frá samkeppnisyfirvöldum er á því byggð að Samkeppnisráð hafi þegar tekið afstöðu til þess að ekki skipti máli hvort viðkomandi bók sem var tilefni kærur kæranda á sínum tíma, var komin út eða ekki. Krafan er einnig þeim rökum studd að um öll kæruefni sem greinir í kærur kæranda dags. 19. september 1996 hafi verið fjallað í málsmeðferðinni í aðdraganda ákvörðunar nr. 16/1996.“

Þá telur fyrirtækið að til að hægt sé að taka málið fyrir að nýju þurfi að vera fyrir hendi skilyrði VI. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en ekkert hafi komið fram í málinu sem gefi tilefni til þess.

Um það að bókin *Dear Visitor* sé eftirlíking af bókinni *Gesti* vitnar Miðlun til ákvörðunar Samkeppnisráðs þar sem segir að samskonar rit og *Gestur* séu víða gefin út erlendis. Jafnframt segir að allar greinar í bókinni séu birtar með heimild eigenda höfundarréttar auk þess sem ítrekað er að ekki sé um nýja viðskiptahugmynd að ræða sem fengin hafi verið hjá Lífi og sögu heldur sé hún alþekkt og hefðbundin. Að endingu segir í svarinu að það sé ekki hlutverk samkeppnisyfirvalda að fjalla um ágreining um höfundarrétt.

## 2.

Svar Miðlunar var sent Lífi og sögu til umsagnar. Í svari Lífs og sögu, dags. 4. nóvember 1996, er ítrekað að ákvörðun Samkeppnisráðs hafi fjallað um fyrirhugaða útgáfu á *Dear Visitor*. Síðan segir m.a.:

„Krafa Miðlunar ehf., um frávísun málsins frá samkeppnisyfirvöldum er annarsvegar byggð á því að Samkeppnisráð hafi þegar tekið afstöðu til þess að ekki skipti máli hvort viðkomandi bók, sem var tilefni kærur kæranda á sínum tíma, var komin út eða ekki og hinsvegar á því að öll kæruefni, sem greinir í kærur kæranda dags. 19. september 1996, hafi verið fjallað um í málsmeðferðinni í aðdraganda ákvörðunar nr. 16/1995.“

Á þessi sjónarmið Miðlunar ehf. verður ekki fallist.

Hér eru í raun um tvö aðskilin og sjálfstæð mál að ræða, sem eru algjörlega óháð hvort öðru. Annarsvegar er mál er varðar brot Miðlunar ehf. vegna kynningar og sölu á fyrirhugaðri útgáfu Miðlunar ehf. á „*Dear Visitor*“ sem samkeppnisyfirvöld hafa þegar fjallað um, svo sem ítarlega hefur verið rakið, og hinsvegar mál er lítur að meintum brotum Miðlunar ehf. gagnvart kæranda

vegna útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni „Dear Visitor“, svo sem skilmerkilega er rakið í kærnu kæranda, dags. 19. september 1996.

Því er ákveðið mótmælt að vísa beri máli þessu frá samkeppnisyfirvöldum, þar sem meint brot Miðlunar ehf. gagnvart kæranda vegna útg. á bókinni „Dear Visitor“ hafa ekki fengið efnislega umfjöllun samkeppnisyfirvalda, einfaldlega vegna þess að bókin „Dear Visitor“ var ekki enn komin út, er fyrra kærsmål var tekið fyrir, og var kæranda því ekki mögulegt að taka upp í fyrri kærnu þau fjölmörgu atriði, sem síðari kæra byggir á, og urðu ekki sýnileg fyrr en við útkomu bókarinnar.“

Þá er ítrekað að bókin *Dear Visitor* sé augljós eftirlíking af bók kæranda þannig að um hreina eftirgerð sé að ræða í sumum tilvikum. Fram kemur að greinar séu teknar orðrétt upp úr bók kæranda án vitundar og samþykkis réttthafa en þessu til staðfestingar sendir Líf og saga yfirlýsingu þýðanda sem þýtt hafði greinar sem birtust í *Gesti* og síðan í *Dear Visitor* án hans vitundar. Þýðandinn staðfestir að Miðlun hafi ekki fengið leyfi til birtingar á þýðingum hans en Líf og saga eigi allan birtingarrétt á þeim. Þá telur Líf og saga það skipta máli að *Dear Visitor* hafi ekki verið komin út þegar Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri um brot á 27. gr. samkeppnislaga að ræða. Síðan segir:

„Með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli þessu má ljóst vera að Miðlun ehf. hefur með freklegum og ólögætum hætti hagnýtt sér heilsteypta viðskiptahugmynd kæranda og nýtt sér til fjárhagslegs ávinnings, þróunar-, hönnunar- og hugverk hans.“

Að lokum segir:

„Ekki er vafi á því að Miðlun ehf. hefur með útgáfu sinni á bókinni „Dear Visitor“ brotið gegn ákv. 20. og 21. gr. samkeppnislaga, jafnframt því að brjóta gegn ákv. 25. og 27. gr. laganna.“

Í ljósi þess hversu brot Miðlunar ehf. eru augljós og alvarleg er þess sérstaklega krafist að Samkeppnisráð ákveði aðgerðir gagnvart Miðlun ehf. sbr. a. lið 2. mgr. 5. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

### 3.

Svar Lífs og sögu var sent Miðlun til umsagnar og er hún dags. 11. desember 1996. Þar er ítrekað að vísa beri málinu frá þar sem það hafi þegar fengið efnislega umfjöllun og útkoma bókarinnar skipti hér ekki máli. Um það að *Dear Visitor* sé eftirlíking *Gests* segir að ekki hafi verið leitað fyrirmynda þar á þann hátt að til ólögætrar háttsemi teljist og síðan segir:

*„Umbj. m. hefur ætíð fengið það efni, sem hann hefur ekki samið sjálfur eða látið semja, hjá þeim sem telja til höfundarréttar yfir því. Vera kann að einn af starfsmönnum gagnaðila hafi unnið að þýðingum fyrir þessa aðila, en þeir hafa þá eignast höfundarrétt úr hans hendi og notfært sér þann rétt til þess að birta efnið í riti umbj. m. Þá er vakin athygli á því að það er ekki hlutverk Samkeppnisstofnunar að fjalla um ágreining um höfundarrétt.“*

Rök um að sambærileg rit séu algeng víða um heim eru ítrekuð og að lokum segir:

*„Mótmælt er að umbj. m. hafi með neinum hætti brotið gegn lögvernduðum rétti gagnaðila eða réttindum annarra með útgáfustarfsemi sinni og því ber að hafna öllum kröfum gagnaðila í máli þessu fyrir samkeppnisyfirvöldum.“*

### 4.

Svar Miðlunar var sent Lífi og sögu til umsagnar og er svar fyrirtækisins dags. 13. desember 1996. Fyrri rök eru ítrekuð og að lokum segir:

*„Hér er í raun um prófmál að ræða, þar sem niðurstaða í þessu máli kann að vera til leiðbeiningar um það hversu langt menn geta seilst í þessum efnum, með því að hagnýta sér með ólögættum hætti hugmyndir og verk annarra. Með rökum gagnaðila er þannig ekkert því til fyrirstöðu að ljósrita símaskrána og gefa þannig út.“*

## III.

### Niðurstaða

Niðurstaða Samkeppnisráðs í fyrra kvörtunarmáli Lífs og sögu var eins og áður sagði að Miðlun hefði með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á þá

fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Jafnframt taldi Samkeppnisráð að ekki væri um að ræða brot á ákvæðum 25. og 27. gr. sömu laga. Þrátt fyrir að bókin hafi ekki verið komin út þegar ákvörðunin var tekin taldi Samkeppnisráð að þar sem samningar hefðu verið gerðir um útgáfuna væri hægt að taka málið til ákvörðunar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppnisráðs.

Nú þegar útgáfa bókarinnar *Dear Visitor* er staðreynd kvartar Líf og saga aftur til Samkeppnisstofnunar og telur að Miðlun hafi með útgáfu á bókinni *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20., 21., 25. og 27. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er óskað eftir að viðurlögum samkeppnislaga sé beitt.

Hvað varðar brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga þá hefur Samkeppnisráð með ákvörðun nr. 16/1996 þegar talið að Miðlun hafi brotið gegn þeim ákvæðum. Ekkert hefur komið fram í nýju erindi Lífs og sögu sem gefur tilefni til endurskoðunar fyrri ákvörðunar.

Í því erindi sem nú er hér til umfjöllunar tilgreinir Líf og saga ekki í hverju brot gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga felist en í þeirri grein er fjallað um notkun auðkenna í viðskiptum. Í niðurstöðum ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 16/1996 var talið að titlarnir *Gestur* og *Dear Visitor* væru það frábrugðnir að ekki yrði villst á þeim og nafngiftin *Dear Visitor* því ekki brot á 25. gr. samkeppnislaga. Ekkert nýtt hefur komið fram um þetta atriði og stendur ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 16/1996 óbreytt.

Í 27. gr. samkeppnislaga er fjallað um atvinnuleyndarmál og þó að í erindi Lífs og sögu sé ekki tilgreint sérstaklega hvað brjóti ákvæði þeirrar greinar má ganga út frá að þar sé talið að viðskiptahugmynd Lífs og sögu, *Gestur*, hafi verið notuð við útgáfu *Dear Visitor*. Í eldra kvörtunarmálinu taldi Samkeppnisráð þá grein ekki hafa verið brotna þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að krafa hafi verið gerð um að fyrrum ritstjóri færi leynt með þá þekkingu sem hann aflaði sér í starfi. Ekki hafi það heldur legið í hlutarins eðli að um væri að ræða atvinnuleyndarmál og var haft í huga að samskonar rit og *Gestur* eru víða gefin út erlendis. Þótti því ekki vera skilyrði fyrir beitingu 27. gr. samkeppnislaga.

Nú þegar *Dear Visitor* er komin út sýnir samanburður við *Gest* að í nokkrum tilvikum er að finna sömu greinar í báðum bókunum sem jafnvel eru skreyttar sömu ljósmyndum.

Þeir hagsmunir sem 27. gr. samkeppnislaga verndar eru atvinnuleyndarmál bæði rekstrar- og viðskiptaleyndarmál og í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir um þetta atriði:

*„Athuga verður að viðskiptaleyndarmál geta aldrei öðlast vernd samkvæmt einkaleyfisrétti, svo sem orðið getur um rekstrarleyndarmál, þannig að þetta ákvæði er eina vernd þessa atriðis.“*

Jafnframt segir:

*„Það verður að gera þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt greininni að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggi í hlutarins eðli.“*

Samkeppnisráð telur að ekki sé um að ræða brot á 27. gr. samkeppnislaga þar sem hvorki hafi verið sýnt fram á að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu Lífs og sögu við fyrrum ritsjóra þess né heldur að það liggi í hlutarins eðli að um atvinnuleyndarmál hafi verið að ræða þar sem aðrar sambærilegar bækur eru til víða um heim. Fæst ekki séð að aðrir þættir málsins en þeir sem þegar hefur verið úrskurðað um falli undir ákvæði 27. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisyfirvöld hafa með ákvörðun nr. 16/1996, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 8/1996, kveðið á um réttarstöðu málsaðila í máli þessu samkvæmt samkeppnislögum. Í máli því sem hér er til umfjöllunar hafa réttarúrræði samkeppnisyfirvalda skv. samkeppnislögum verið tæmd. Aðrir þættir málsins snúa að þeirri einkaréttarlegu vernd sem slík verk sem hér um ræðir njóta á sviði höfundarréttar. Samkeppnisyfirvöldum er ekki ætlað að skera úr um álitamál á sviði höfundarréttar frekar en þegar hefur verið gert. Samkeppnisráð telur því ekki ástæðu til að hafast frekar að í máli þessu.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til frekari íhlutunar í tilefni af erindi Lífs og sögu ehf.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 3/1997](#)]*